



**Húnaþing vestra**

**Deiliskipulag Hvammstangahafnar**



**Skipulagslýsing**

**dags. 31. ágúst 2015**

---



LANDMÓTUN.

Yngvi Þór Loftsson og Margrét Ólafsdóttir

Hamraborg 12, 200 Kópavogi, sími 575 5300



## Efnisyfirlit

1.	Skipulagssvæðið, viðfangsefni og markmið .....	4
1.1.	Skipulagssvæðið	4
1.2.	Viðfangsefni	4
1.3.	Markmið	5
2.	Helstu forsendur .....	5
2.1.	Skipulagsleg staða	5
2.2.	Tengsl við aðrar áætlanir	8
2.3.	Íbúapróun og atvinnumál	8
2.4.	Náttúruvá, sjóvarnir	8
3.	Umhverfisáhrif .....	8
4.	Skipulagsferill .....	9
4.1.	Kynning og samráð	9
4.2.	Tíma og verkáætlun	9
5.	Heimildaskrá .....	10

# 1. SKIPULAGSSVÆÐIÐ, VIÐFANGSEFNI OG MARKMIÐ

---

## 1.1. Skipulagssvæðið

Deiliskipulagssvæðið liggur neðan Strandgötu og Höfðabrautar og er samtals um 11 ha að stærð.



## 1.2. Viðfangsefni

Svæðið sem um ræðir liggur innan skilgreinds hafnarssvæðis, og verslunar- og þjónustusvæðis samkvæmt Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 sem var staðfest 7. ágúst 2014. Þar kemur fram heildarsýn fyrir viðkomandi svæði. Ekki er í gildi deiliskipulag af svæðinu eða hlutum þess. Ekki liggja fyrir lóðarmörk af öllum lóðunum né byggingarnefndarteikningar af öllum húsunum.

Viðfangsefni deiliskipulagsins er m.a. að uppfylla lögformleg skilyrði fyrir skipulags- og byggingarleyfum.





### 1.3. Markmið

Helstu markmið deiliskipulagsins eru að:


- Skilgreina núverandi og nýjar lóðir á svæðinu.
- Bæta umhverfi hafnarsvæðisins, fyrirkomulag bygginga, bílastæða og gatna.
- Gefa hafnarsvæðinu og aðliggjandi svæði heildstætt yfirbragð.
- Skilgreina öruggar umferðarleiðir fyrir akandi, hjólandi og gangandi vegfarendur.

## 2. HELSTU FORSENDUR

---

### 2.1. Skipulagsleg staða

Svæðið sem um ræðir liggur innan landnotkunarskilgreiningu fyrir höfn (H1) og verslunar- og þjónustusvæðis (VP1) samkvæmt Aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2016.



Hluti af aðalskipulagi fyrir þéttbýlið á Hvammstanga



### Hafnir (skv. aðalskipulagi)

**Markmið:** Lögð er áhersla á gott framboð á lóðum undir hafnsækna starfsemi.

**Leiðir:** Tryggt verði eðlilegt svigrúm fyrir þróun smábátahafnar og uppbyggingu verbúða. Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi svo fremur að það rúmist innan viðkomandi landnotkunarafmörkunar fyrir hafnarsvæðið, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi. Hafnarsvæðin eru sýnd með blágráum lit. Nýtingarhlutfall á hafnarsvæðinu skal almennt vera 0.2 – 0.6.

H-1 Hvammstangahöfn	Hafnarsvæðið er afmarkað skv. afmörkun Hafnarreglugerðar fyrir Hvammstangahöfn. Innan svæðisins rúmast þjónusta sem sinnir þeirri umferð sem fer um svæðið.	Stærð 9,9 ha
---------------------	---	--------------







### Verslun og þjónusta (skv. aðalskipulagi)

**Markmið:** Lögð er áhersla á gott framboð á verslunar- og þjónustulóðum.

**Leiðir:** Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan umhverfisfrágang.

Við skipulag byggðar og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst og hús og svæði nýst til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar.

Vb-1	Tanginn	Svæði á Tanganum fyrir verslun og þjónustu.	Stærð 0,9 ha
------	---------	---	--------------

### Minjavernd

Ekki liggur fyrir heildarskráning á minjum í sveitarfélaginu og í gildandi aðalskipulagi er ákvæði um að á deiliskipulagsstigi fari fram fornleifaskráning.

Samkvæmt 1. mgr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast öll hús og mannvirki sem verða orðin 100 ára eða eldri friðuð frá og með 1. janúar 2013. Í viðauka 1 í aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 eru listuð þau hús sem verða orðin 100 ára innan aðalskipulagstímabilsins þ.e. fyrir árslok 2026.



Innan deiliskipulagsvæðisins er elsta byggingarnar við Brekkugötu 4, byggt 1909 (gallerí) og við Brekkugötu 2, tvö hús byggð 1926 (aðstöðurými og verbúð). Yngsta byggingin er frá 1998 og stendur við Hafnarbraut 3 (iðnaður).

## 2.2. Tengsl við aðrar áætlanir

Hafnarsvæðið er afmarkað skv. afmörkun Hafnarreglugerðar fyrir Hvammstangahöfn (nr. 283/2013). Innan svæðisins rúmast þjónusta sem sinnir þeirri umferð sem fer um svæðið. Innan svæðisins eru leyfð önnur landnotkun í hlutföllunum 30/70.



Afmörkun skv. hafnarreglugerð

## 2.3. Íbúápróun og atvinnumál

Heildar íbúafjöldi í Húnaþingi vestra var 1171 í janúar 2015 og hafði fækkað um 135 íbúa frá 2002. Einkennandi fyrir byggð í Húnaþingi vestra er landbúnaður og þjónusta og rúmlega helmingur íbúa býr í dreifbýli. Tveir þéttbýlisstaðir eru skilgreindir innan Húnaþings vestra, Hvammstangi, með um 543 íbúa og Laugarbakki með um 47 íbúa.

## 2.4. Náttúruvá, sjóvarnir

Lítill sem enginn hættu er á ofanflóðum í þéttbýlinu á Hvammstanga (Veðurstofa Íslands, 2006). Sjávarflóð. Talsvert öldulag er við ströndina og gera má ráð fyrir hækkandi sjávarstöðu á næstu árum vegna hlýnandi veðurfars jarðar og jarðlagahalla sem stöðugt dregur landið niður fyrir sjávarmál. Samkvæmt skýrslu Hafnarmálastofnunar ríkisins frá 1983 lækkar landið um sm 40–50 cm á öld. Ath frekari gögn frá Hafnarstjórn.

## 3. UMHVERFISÁHRIF

Tillaga deiliskipulags hefur að markmiði að taka tillit til umhverfisverndarsjónarmiða og draga úr áhrifum á umhverfi. Í tillögunni er ekki gert ráð fyrir neinum framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda nr. 106/2000 í deiliskipulaginu verðurgreint frá umhverfisáhrifum samkvæmt 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga hvað varða t.d. (flóðahættu). Markmið deiliskipulagsins um bætt aðstöðu, bætt aðgengi og fegrun svæðisins er í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og er ekki talið hafa neikvæð áhrif á umhverfið.



## 4. SKIPULAGSFERILL

---

### 4.1. Kynning og samráð

Skipulagslýsing verður send Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum í upphafi verks. Þar með er umsagnaraðilum gefinn kostur á því að leggja fram sjónarmið og ábendingar sem að gagna gætu komið við gerð skipulagsins. Skipulagslýsing verður auglýst í blöðum og til sýnis í Ráðhúsi Húnaþings vestra að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga og heimasíðunni [www.hunathing.is](http://www.hunathing.is).

Samráðs- og umsagnaraðilar verða:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Veðurstofan
- Náttúrufræðistofnun
- Minjastofnun Íslands
- Samgöngustofa/Siglingasvið
- Heilbrigðiseftirlit norðurlands vestra
- Íbúar og aðrir hagsmunaaðilar á skipulagssvæðinu

### 4.2. Tíma og verkáætlun

- **september 2015:** Skipulagslýsing lögð fyrir skipulags- og umhverfisnefnd, byggðaráði og sveitarstjórn.
- **september 2015:** Skipulagslýsing send til umsagnar Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila.
- **september 2015:** Skipulagslýsing auglýst í dagblaði og á heimasíðu Húnaþings vestra og til kynningar fyrir almenningi og hagsmunaaðila, 3 vikur.
- **nóvember 2015:** Frumdrög að deiliskipulagi kynnt í skipulags- og umhverfisráð, byggðaráði og sveitarstjórn.
- **desember 2015:** Tillaga að deiliskipulagi kynnt í skipulags- og umhverfisráð, byggðaráði og sveitarstjórn.
- **janúar 2016:** Sveitarstjórn samþykkir deiliskipulag til auglýsingar.
- **janúar 2016:** Tillaga að deiliskipulagi auglýst í Lögbirtingarblaði, í landsmálablaði og til sýnis í ráðhúsi Húnaþings vestra og heimasíðunni [hunathing.is](http://hunathing.is).
- **mars 2016:** Yfirferð athugasemda, deiliskipulag samþykkt og svör við athugasemdum send þeim sem gerðu athugasemdir.
- **apríl-mars 2016:** Afgreiðsla Skipulagsstofnunar og birting í B-deild Stjórnartíðinda.

## 5. HEIMILDASKRÁ

---

- 5.1. Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026,
- 5.2. Byggingarreglugerð nr. 112/2012.
- 5.3. Hagstofa Íslands, mannfjöldi [www.hagstofa.is](http://www.hagstofa.is)
- 5.4. Hafnarreglugerð fyrir Hvammstangahöfn nr. 283/2013
- 5.5. Minjastofnun: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)
- 5.6. Lög um mannvirki nr. 160/2010.
- 5.7. Skipulagslög nr. 123/2012
- 5.8. Skipulagsreglugerð nr. 90/2013.
- 5.9. Skipulagsstofnun 2013. Leiðbeiningarblað 9, nýtt deiliskipulag.